
Minnisblað

Dagsetning: 31.7.2020
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalykill: 2001208/6.1.1

Efni: Viðbót við minnisblað sóttvarnalæknis varðandi sóttvarnaráðstafanir í íslensku samfélagi og á landamærum.

Til viðbótar við fyrra minnisblað sent 29.7.2020 vill sóttvarnalæknir árétta eftirfarandi:

Aðgerðir innanlands

- Takmörkun á fjölda einstaklinga sem fæddir eru fyrir 2005 miðist við 100 einstaklinga í rými.
- Hvar sem fólk kemur saman og í allri starfsemi verði viðhöfð sú regla að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga og að sú ráðstöfun verði ekki lengur valfrjáls.
- Ofangreind fjöldatakmörk og fjarlægðarregla tekur þó hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til farþegaferja innanlands eða skipa og loftfara í millilandaferðum.
- Þar sem ekki er hægt að tryggja 2 metra fjarlægð milli ótengdra einstaklinga með fjöldatakmörkun verði krafist notkunar andlitsgrímu sem hylur nef og munn. Þetta á t.d. við um almenningssamgöngur þar sem ferð varir 30 mínútur eða lengur, þ.m.t. hópferðabílar, innanlandsflug og farþegaferjur, og starfsemi s.s. hárgreiðslustofur og nuddstofur. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu ættu að lágmarki uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna CEN ([file:///C:/Users/gudruna/Downloads/CWA17553_2020%20\(2\).pdf](file:///C:/Users/gudruna/Downloads/CWA17553_2020%20(2).pdf))
- Vinnustaðir, opinberar byggingar, verslanir og þjónustufyrirtæki sem eru opin almenningi skipuleggi starfsemi sína í samræmi við ofangreint og tryggi að ekki séu fleiri en 100 einstaklingar í sama rými og að í minni rýmum séu ekki fleiri en svo að hægt sé að tryggja 2 metra fjarlægð milli einstaklinga.
- Þá er matvöruverslunum sem eru yfir 1.000 m² að stærð heimilt að hleypa til viðbótar einum viðskiptavin inn fyrir hverja 10 m² umfram 1.000 m², þó að hámarki 200 viðskiptavinum í allt.
- Verslanir, opinberar byggingar og þjónustufyrirtæki sem eru opin almenningi
 - tryggi aðgang að handsóttthreinsi fyrir almenning og starfsmenn við innganga og í grennd við yfirborð sem margir snerta s.s. snertiskjái og afgreiðslukassa
 - sinni vel þrifum og sóttthreinsun yfirborða sem margir snerta eins oft og unnt er
 - minni almenning og starfsmenn á einstaklingsóttvarnir með merkingum og skiltum
- Sundlaugar og veitingastaðir tryggi að gestir geti haft 2 metra bil á milli sín í öllum rýmum. Á sund- og baðstöðum má gestafjöldi aldrei vera meiri en helmingur af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við helming þess fjölda sem fataskiptirými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2015 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda.
- Starfsemi sem í eðli sínu felur í sér að gestir noti sameiginlegan búnað s.s. ípróttastarf, líkamsræktarstöðvar, spilakassar og spilasalir geri hlé á starfsemi eða sóttthreinsi slíkan búnað milli notenda.

- Söfn, skemmtistaðir og aðrir opinberir staðir geri hlé á starfsemi sé ekki hægt að tryggja að farið sé eftir fjöldatakmörkun eða að bil milli ótengdra aðila sé yfir 2 metrum.
- Opnunartími skemmti- og vínveitingastaða verði áfram til kl. 23:00. Ekki er heimilt að veita tímabundið leyfi fyrir skemmtunum svo sem tónleikum, dansleikjum, brennum eða öðrum viðburðum sem ætla má að dragi að sér hópa fólks eftir kl 23.00 á kvöldin.